

míndufti er lagt var hald á. Vísast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 varðandi upptökuna.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974 er ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Sigurðsson, fæddur 25. apríl 1957, nú til heimilis að Blesugróf 19 hér í borg, skal sæta fangelsi í 6 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 10 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi undir rannsókn málsins.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 60 grömm af amfetamíndufti er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun kr. 12.000,00 til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 259/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Kristínu Gísladóttur

(Hallgrímur B. Geirsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. október 1985 að ósk ákærðu. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á dóminum. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. f.m.

Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brots til refsíákvæða með þeirri viðbót að 5. gr. laga nr. 65/1974 var breytt með lögum nr. 13/1985 og reglugerð nr. 16/1986 kemur í stað reglu-

gerðar nr. 390/1974 og auglýsingar nr. 293/1978. Refsing verður þó eigi dæmd þyngri en eldri ákvæði leyfa, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærðu, sem var 21 árs er hún framdi brotið og hefur eigi fyrr verið kærð fyrir lagabrot, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði, og verði fullnustu á 5 mánuðum af refsingu frestað skil-orðsbundið til tveggja ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhalds, upptöku og sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Kristín Gísladóttir, sæti fangelsi 8 mánuði. Fullnustu á 5 mánuðum af refsingunni skal frestað, og falli sá hluti niður ef ákærða heldur í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Gæsluvarðhald ákærðu í 7 daga komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Hallgríms Geirssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 18. mars 1985.

Ár 1985, mánudaginn 18. mars var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni ftr. kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 303/1985: Ákærvaldið gegn Kristínu Gísladóttur.

Málið er höfðað á hendur Kristínu Gísladóttur, fæddri 2. maí 1963, með ákæruskjali dagsettu 14. desember 1984, fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„að hafa 28. ágúst 1984 flutt hingað til lands frá Amsterdam um 100 g af amfetamíndufti, sem ákærða hafði falið í líkama sínum. Ákærða

var handtekin við komu til Keflavíkurflugvallar og hald lagt á efnið daginn eftir er það kom úr líkama hennar.“

Meint háttsemi ákærðu er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Þess er krafist af ákærvalds hálfu að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á um 100 g af amfetamíndufti samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

— — —

Ákærða hefur náð sakhæfisaldri og hefur ekki sætt kærnum eða refsingum svo kunnugt sé.

Málsatvik.

Ákærða var handtekin þann 28. ágúst 1984 við komu hingað til lands frá Amsterdam. Í för með ákærðu var Sigríður Brynja Pétursdóttir.

Grunur lék á að utanför ákærðu stæði í sambandi við útvegum fíkniefna. Ekki fundust fíkniefni á ákærðu við venjulega líkamsleit.

Ákærðu var gert með dómsúrskurði uppkveðnum 29. ágúst 1984 að gangast undir viðeigandi læknisskoðun í því skyni að ganga úr skugga um hvort ákærða hefði fíkniefni fólgin innvortis.

Við röntgenmyndatöku á Borgarspítala sama dag kom í ljós að aðskotahlutir voru í líkama ákærðu.

Sama dag gengu niður af ákærðu fimm aðskotahlutir er ákærða hafði falið í líkama sínum og reyndust hlutirnir hafa að geyma alls 100,2 g af amfetamíni.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 31. ágúst s.á. og kvaðst ákærða hafa haldið til Amsterdam fimmtudaginn 23. s.m. og með í förinni hafi verið Sigríður Brynja Pétursdóttir, vinkona ákærðu. Ákærða kvaðst hafa haft meðferðis í förina 900 vesturbýsk mörk.

Ákærða kvaðst hafa skemmt sér með samferðakonu sinni fimmtudag 23. og föstudag 24. ágúst. Ákærða kvað samferðakonu sína hafa veikt á laugardeginum 25. ágúst og kvaðst ákærða þá hafa haldið ein út eftir hádegi á laugardeginum. Ákærða kvaðst þá hafa hitt mann á bar í Rauða hverfinu svonefnda í Amsterdam. Ákærða kvaðst halda að maðurinn hétí René. Ákærða kvað hafa komið á daginn, að áður nefndur René hafði mikinn áhuga á að gefa ákærðu amfetamín. Ákærða kvað síðan svo hafa um samist að ákærða hitti áður nefndan mann á sama bar að kvöldi sama

dags (laugardags). Ákærða kvaðst síðan hafa hitt títtnefndan René á sama barnum um kvöldið og kvaðst ákærða hafa verið ein á ferð. Þar kvaðst ákærða hafa þegið að gjöf fimm pakka er séu þeir sömu og ákærða faldi í líkama sínum og flutti hingað til lands.

Ákærða kvaðst hafa geymt efnið í ferðatösku sinni á hótelinu en ákærða kvaðst hafa gengið frá efninu í líkama sinn á hótelinu áður en haldið var út á flugvöll til heimfarar á þriðjudeginum 28. ágúst. Ákærða kvaðst hafa komið fyrir fíkniefnunum í líkama sínum fyrir hádegi brottfarardaginn og kvað ákærða samferðakonu sína, Sigríður Brynju, ekki hafa vitað um meðferð ákærðu með fíkniefnunum.

Ákærða bar við nefnda lögregluýfirheyrslu 31. ágúst 1984, að hún hafi ekki hugleitt hvað gert skyldi við fíkniefnin hér á landi.

Ákærða var yfirheyrð hér fyrir dómi 5. september 1984 og staðfesti þá framburði sína gefna hjá lögreglu og sem raktir voru að hluta hér að framan.

Ákærða var yfirheyrð hér fyrir dómi 25. janúar 1985 og staðfesti þá sína fyrri framburði og bar efnislega á sama veg.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað með framburðum ákærðu, sem vel eru studdir af öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá er í ákæruskjali greinir. Ákærða flutti 100,2 g af amfetamíni hingað til lands frá Amsterdam 28. ágúst 1984. Efnið hafði ákærða falið í líkama sínum.

Brot ákærðu varðar við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. lög nr. 75, 1982 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978.

Ákærða hefur því samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Ákærða hefur ekki svo kunnugt sé sætt kærnum eða refsingum fyrr.

Verjandi ákærðu telur ákærðu hafa leiðst út í að fremja brot sitt vegna þess að hún hafi verið öðrum háð, sbr. 5. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Verjandinn kvaðst þar eiga við sambýlismann ákærðu, Halldór Lárus Pétursson, sem kunnur sé af áralangri meðferð ávana- og fíkniefna.

Ákærða hefur við yfirheyrslur alfarið borið því í mót að nokkur hafi vitað um brot sitt og hafi hún staðið ein að því.

Ákærða flutti hingað til lands sterk og hættuleg fíkniefni sbr. niðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfjafræði dags. 25.10. 1984. Ákærða flutti fíkniefnin til landsins falin innvortis í líkama sínum. Þykir innflutningsaðferðin bera vott um styrkan og einbeittan brotavilja ákærðu sbr. 6. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærðu þykir þess eðlis að ekki komi til álita að fresta ákvörðun refsingar eða skilorðsbinda svo sem verjandi hefur gert kröfu til.

Að ofanrituðu virtu og að virtum gögnum málsins þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin sem fangelsi í tíu mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 7 dagar er ákærða sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Upptæk til eyðingar skulu 100,2 grömm af amfetamíni er lagt var hald á undir rannsókn málsins. Efnid er nú merkt efnaskrá nr. 1234 í vörslum dómsins. Vegna upptökunnar vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

Ákærða greiði allan sakarkostnað sbr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, þar með talin málsvarnarlaun kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hdl. og kr. 5.000,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.

D ó m s o r ð:

Kristín Gísladóttir, fædd 2. maí 1963, nú til heimilis að Meistaravöllum 17 hér í borg, skal sæta fangelsi í tíu mánuði.

Til frádráttar dæmdri refsingu komi sjö dagar er ákærða sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 100,2 grömm af amfetamíni merkt efnaskrá nr. 1234 í vörslum dómsins.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hdl. og kr. 5.000,00 vegna réttargæslu sama lögmanns.